

Rjúfa á einangrun geðsjúkra

Geðhjálpar ætla að rjúfa einangrun geðsjúkra á aldrinum 12-25 ára, til dæmis með því að byggja upp lokaðar spjallrásir á netinu. „Við höfum ekki náð til þessa fólks og sjáum lítið af því í okkar starfi. Það er ekki vegna þess að þörfin sé ekki til staðar,“ segir Svanur Kristjánsson, formaður Geðhjálpar.

Geðhjálpar vill tryggja stoðir landsbyggðardeilda og koma á fót athörfum fyrir þá sem hafa einangrast í samfélaginu til að gera þetta fólk virkara og hamingjusamar. Söfnunarféð sem Geðhjálpar fær í sinn hlut í landssöfnun Kiwanis, Lykill að lífi, verður notað í þessu skyni.

Ráðgjafastarfsemi Forma verður eflað um allt land og komið verður upp skipulagðri forvarnafræðslu í áttunda bekk grunnskóla og fyrsta bekk framhaldsskóla. Edda Ýrr Einarsdóttir, stjórnarformaður Forma, segir að alla hjálpar við átröskun sé að finna í Reykjavík. Ekki sé meiningin að vera með ráðgjafa um allt land en hins vegar eigi að koma upp neti tengiliða sem geta tekið á móti fólki með átröskun, sýnt því kærleik og stuðning og stutt það til að leita sér hjálpar.

„Við viljum að í hverju bæjarfélagi séu einstaklingar sem eru meðvitaðir um átröskun og geta tekið á móti fólki og stutt það til að leita



AUKA HREYFINGU Stefnt er að því að safna 40 milljónum króna í landssöfnun Kiwanis. Frá vinstri Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir á BUGL, Edda Ýrr Einarsdóttir, formaður Forma, Svanur Kristjánsson, formaður Geðhjálpar, Bernhard Jóhannesson, formaður hjá Kiwanis, og Gylfi Ingvarsson, umdæmisstjóri Kiwanis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

sér hjálpar,“ segir Edda. Hún telur koma til greina að þetta verði hjá hjúkrunarfræðingum eða í skólum svo að dæmi séu nefnd.

Í forvarnafræðslunni segir Edda Ýrr að jákvæð líkams- og sjálfsmynd verði eflað og fólki kennt að bera virðingu fyrir líkama sínum. „Við viljum gefa raunhæfari hugmyndir um það hvað er eðlilegt. Fjölmiðlar gera það ekki. Börn hafa

engar hugmyndir um hvað er eðlilegt,“ segir hún.

Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala hefur áform um að gera börnum á BUGL kleift að fá þjálfun og afþreyingu utan deildarinnar, til dæmis með því að koma upp leikaðstöðu utandyra og auðvelda þeim að komast í líkamsrækt, sund og aðrar tómstundir utan deildarinnar.

- ghs